

FUNDARGERÐ

121. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 26. apríl 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar ásamt Kristínu Einarsdóttur sem mætir í stað Ragnheiðar Högnadóttur sem boðar forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Formaður skólanefndar Mýrdalshrepps Þorgerður Einarsdóttir óskar eftir því að gera eftirfarandi bókun:

Þann 12. janúar 2005 þá sendi ég sveitarstjóra, oddvita og kjörnum skólanefndarmönnum tilkynningu um að ég ætlaði að draga mig í hlé frá störfum í skólanefnd um sinn af persónulegum ástæðum. Engin fundur hefur verið haldin í nefndinni frá því 22. desember 2004 þar til í dag 26. apríl 2005. Þann 6. apríl s.l. sendi ég sveitarstjóra erindi um að ég ætli að taka aftur til starfa í skólanefnd .

Varðandi fundi skólanefndar og starfshætti þá langar mig að vísa ég í 2. kafla í Erindisbréfi Skólanefndar Mýrdalshrepps, 5.grein þar sem segir: *“Formaður kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra grunnskólans um fund á skólanefnd, enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að kveðja til fundar er a.m.k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess”*.

I. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Margrét Birgisdóttir fulltrúi foreldra.

1. Skóladagatal og skólanámskrá, gögn lögð fram til kynningar.

Kolbrún leggur fram skóladagatal og greinargerð. Stefnt er að dreifingu skólanámsskrár 9. maí n.k.

2. Könnun meðal foreldra barna í skólaakstri.

Á 118. fundi skólanefndar var samþykkt að leita viðhorfa foreldra til fyrirkomulags skólaaksturs. Könnun var send til foreldra með bréfi dags. 9. apríl 2005. Svör bárust frá 18 af 32 foreldrum. Af þeim sem svöruðu líkaði 55,6% núverandi fyrirkomulag skólaaksturs vel eða frekar vel en 38,9% illa eða frekar illa. 77,8% telja að börnum líði vel eða frekar vel en 0% illa eða frekar illa.

3. Starfsmannamál

Guðrún Pétursdóttir aðstoðarskólastjóri hefur sótt um árs námsleyfi og Victoría Jónsson hefur beðið um launalaust leyfi þar til hún fer í fæðingarorlof.

Skólastjóri hefur auglýst þessar stöður ásamt stöðu sem sinnt er af leiðbeinanda. Skólanefnd samþykkir þessar umsóknir.

4. Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Kolbrún kynnti niðurstöður samræmdra prófa.

5. Önnur mál.

- Kolbrún dreifði upplýsingum um íþróttadag sem haldinn var í dag með Kirkjubæjarskóla.
- Kolbrún kynnti nýtt fyrirkomulag á starfsmannasamtölum.
- Kolbrún kynnti verkefni Lýðheilsustofnunar, “allt hefur áhrif, einkum við sjálf”.

Kolbrún, Gunnar og Margrét yfirgefa fundinn.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Niðurstöður úr sjálfsmati

Aðalheiður kynnti niðurstöður sjálfsmats sem framkvæmt var með þátttöku bæði foreldra og starfsfólks. Af 24 foreldrum svöruðu 11 eða 45,8%. Niðurstöður voru almennt jákvæðar og verið er að vinna að úrbótum á þáttum sem komu síður út. Starfsfólk lagði mat á umhverfi leikskólans skv. ECERS kvarða og þar komu fram þættir varðandi rými og búnað sem ástæða er til að taka til skoðunar. Aðalheiði þökkðu skýrslan.

2. Tillaga um reglur um sérkennsluþjónustu

Fyrir liggja reglur sem Rangárþing eystra hefur unnið með Skólaskrifstofu Suðurlands. Skólanefnd samþykkir að reglurnar verði aðlagðar aðstæðum í Mýrdalshreppi og lagðar fyrir til samþykktar.

3. Önnur mál.

Leikskólinn verður lokaður frá 27. júní til 2. ágúst.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

III. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólalastjóri

1. Samantekt um kostnaðarskiptingu.

Kristín kynnir skiptingu kostnaðarliða. Skólanefnd leggur til að Kristín taki saman greinargerð um rekstrarumhverfi tónskólans og leggi fyrir nefndina.

2. Önnur mál.

- a) Kristín dreifir greinargerð Félags tónskólakennara með bréfi til sveitarstjórna um málefni tónskóla.
- b) Vortónleikar verða þriðjudaginn 3. maí.

Kristín yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:15.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Kristín Einarsdóttir

Andrína Erlingsdóttir